

Fuglaathuganir í Vestmannaeyjum 2003-2005. Yann Kolbeinsson 2006.

Áhugi á flækingsfuglum hefur lengi verið til staðar hérlendis og státa Vestmannaeyjar, og þá sérstaklega Heimaey, af feiknagóðum lista sjaldgæfra tegunda sem sumar hverjar hafa hvergi fundist á Íslandi utan eyjaklasans. Þar á meðal eru hafsvala *Oceanites oceanicus* frá Suðurhöfum; rengluþvari *Ixobrychus exilis*, tálþerna *Sterna forsteri*, tregadúfa *Zenaida macroura*, rauðkollur *Regulus calendula*, bandigða *Sitta canadensis*, bláskrikja *Dendroica caerulescens* og kúftittlingur *Zonotrichia leucophrys* frá Norður-Ameríku; og relluhegri *Ardeola ralloides*, skálmörn *Hieraaetus pennatus* og trjásvarri *Lanius senator* frá Evrópu.

Áhugamenn um flækingsfugla hófu að leggja leið sína til Heimaeyjar, sérstaklega til þess að leita að flækingsfuglum, haustið 2003. Þeir hafa komið þangað árlega síðan, gjarnan í kjölfar öflugs lægðagangs, og jafnvel nokkrum sinnum yfir haustið. Hér er gerð grein fyrir helstu fuglum sem sáust árin 2003, 2004 og 2005 en haustið 2005 fylgdust starfsmenn Náttúrustofunnar vel með umferð farfugla og vetrargesta um Heimaey. Allar athuganir áttu sér stað á Heimaey nema annað komi fram. Ekki verður gerð grein fyrir athugendum en í hlut eiga, auk starfsmanna Náttúrustofunnar, heimamenn og gestkomandi fuglaskoðarar af suðvestur-, suðaustur- og norðausturlandi. Athuganir flækingsfugla frá 2004 og 2005 hafa ekki enn verið yfirfarðar af Flækingsfuglanefnd.

Íslenskir fuglar haustið 2005 (byggt að mestu á athugunum starfsmanna Náttúrustofu Suðurlands)

Frá ágúst fram í desember mátti sjá íslensku farfuglana hverfa af landi brott, hvern á fætur öðrum. **Sandlóur** *Charadrius hiaticula* sáust til a.m.k. 15. ágúst. **Sanderlur** *Calidris alba* og **rauðbrystingar** *Calidris canutus* sáust í litlu magni, fyrrnefnda tegundin sást síðast 19. september meðan að ungur rauðbrystingur tórði til 22. september. Síðasti **lundur** *Fratercula arctica* sem varð vart við (pysja sleppt af heimamönnum í Víkinni) sást 27. september. Fréttist af stakri **blesgæs** *Anser albifrons* í Herjólfsdal 29. september. Ung **margæs** *Branta bernicla* var í Klaufinni 30. september. Ungur **tjaldur** *Haematopus ostralegus* frá liðnu sumri hélt til í fiskhjöllunum til 6. október, en þann 19. október flæktust tveir ungfuglar á Heimaey og eyddu þeir vetrinum á svæðinu. Fáeinar **maríuerlur** *Motacilla alba* voru einnig í fiskhjöllunum en þar sást sú síðasta 8. október. **Branduglur** *Asio flammeus* neyddust til landingar á Heimaey tvisvar um haustið, 5. október var ein á Stórhöfða og 16. október var ein við Ofanleiti. Stöku **stelkar** *Tringa totanus* sáust fram eftir hausti fram í byrjun október en hópur á flugi yfir bænum í þokuveðri að kvöldi 19. október, voru þeir síðustu sem sáust (eða heyrðist í í þessu tilviki). Þokusúld var yfir eyjunum 14.-16. október en þá birtust ýmsir farfuglar á Heimaey sem sáust annars ekki eða mjög sjaldan, má þar nefna mest sautján **álftir** *Cygnus cygnus*, fjórtán **grágæsir** *Anser anser* (fáeinar sáust til 11. nóvember) og sjö **helsingja** *Branta leucopsis*. Í kjölfar þokunnar og suðaustanvindanna fjölgaði **hettumáfi** *Larus ridibundus* mjög og náði hámarki 20. október (u.þ.b. 450 fuglar á hafnarsvæðinu), annars sáust 5-20 fuglar allt haustið. Síðasti **sílamáfur** *Larus fuscus* ársins, ungfugl, sást á hafnarsvæðinu 19. október. **Heiðlóur** *Pluvialis apricaria* sáust út haustið í mismiklu

magni (t.d. 122 fuglar 20. október) en sú síðasta sást 29. október. Síðasti **þúfuttlingurinn** *Anthus pratensis* var í fiskhjöllunum 9. nóvember og fréttist af síðasta **steindeplinum** *Oenanthe oenanthe* 11. nóvember. **Skógarpröstum** *Turdus iliacus* fjölgaði á Heimaey um 13. október, en um það leyti hópast þeir saman og undirbúa brottför á suðlægari slóðir. Út október og nóvember mátti sjá skógarpresti í mismiklu magni, en að kveldi 10. nóvember voru 260 fuglar á náttstað í einum garði. Þann 26. nóvember voru þeir enn u.þ.b. 200 í sama garði. **Smyrlar** *Falco columbarius* voru reglulegir gestir allt haustið, en flestir sáust þeir 6. nóvember (4-5 fuglar).

Af vetrargestum kom sá fyrsti 27. september, ungur **bjartmáfur** *Larus glaucooides*. **Auðnutittlingur** *Carduelis flammea* sást fyrst 28. september, við Ofanleiti, en út haustið mátti gjarnan sjá litla hópa (t.d. sex fuglar 6. nóvember). Ung **hrafnsönd** *Melanitta nigra* var við Brimurð 28. september. Hrafnsönd er afar sjaldséð á sunnan- og vestanverðu landinu en hún verpir á norðausturlandi. **Himbrimi** *Gavia immer* sást fyrst 13. október, en flestir voru þeir fimm í Víkinni 19. október. Þann 13. október sást fyrsti **toppskarfurinn** *Phalacrocorax aristotelis* sem er óalgengur vetrargestur á svæðinu (aldrei sáust fleiri en tveir samdægurs síðar um haustið). **Músarrindill** *Troglodytes troglodytes* sást fyrst 15. október en þeir fyrstu hafa hugsanlega komið í seinnihluta september þó þeir hafi ekki sést. Fáeinir **starar** *Sturnus vulgaris* flæktust um haustið, en fyrsti sást 19. október. Líklega er um skandinavíska fugla að ræða sem hafa verið á leið til Vestur-Evrópu er þeir lentu í suðaustan vindum og flæktust til Eyja eins og svo margir aðrir smáfuglar. **Straumendur** *Histrionicus histrionicus* halda til við vestanverða Heimaey á veturna en sjást ekki nema í vestanveðrum þegar þær koma upp að Eiðinu, en það gerðist 21.-23. nóvember þegar 38 fuglar sáust í hóp. Stakur **fálki** *Falco rusticolus* sást á Sæfjalli 25. nóvember.

Flækingsfuglar

Gráskrofa *Puffinus griseus*

Fremur sjaldséður fargestur á íslensku hafsvæði, sem sést aðallega síðsumars og snemma á haustin. Hópur fuglaskoðara sá einn fugl u.þ.b. 21 km suðaustur af Heimaey þann 21. ágúst 2004. Í ágúst 2005 sáust fimm fuglar á sjónum umhverfis eyjarnar.

Gráhegri *Ardea cinerea*

Gráhegrar eru tíðir gestir í Eyjum, en þó ekki árlegir. Stakur fugl sást við Heimaklett 29. ágúst 2003 og þann 18. september 2003 sást einn á flugi yfir Vestmannaeyjabæ.

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

Fremur sjaldgæfur gestur við Vestmannaeyjar sem sást síðast 1998. Tveir fuglar héldu til með æðarfuglum utan við Brimurð í nóvember 2005; kvenfugl 6. og 22. og karlfugl þann 10.

Dílarella *Porzana porzana*

Mjög sjaldgæfur flækingur á Íslandi sem hafði fundist einu sinni áður á Heimaey, árið 1961. Þann 13. október 2004 náðist ein aðframtomin í bænum og lést hún skömmu síðar. Um var að ræða 8. dílarelluna sem finnst á Íslandi.

Keldusvín *Rallus aquaticus*

Stakur fugl sást innan um melgresið við Löngu 11. nóvember 2005 og er þar um fjórða fundinn að ræða í Eyjum.

Gulllóa *Pluvialis dominica*

Ungfugl fannst ofan við Breiðabakka þann 5. október 2005 innan um heiðlóur. Flakkaði víða um eyjuna en hann sást m.a. á Stórhöfða og í grennd við Herjólfssdal, allt til 14. október. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi tegund finnst í Eyjum.

Grálóa *Pluvialis squatarola*

Grálóa er mjög sjaldgæf í Eyjum og sást nú í fjórða sinn, þann 22. september 2003.

Vepja *Vanellus vanellus*

Vepjan er algengur gestur sem finnst því sem næst árlega auk þess sem hún hefur orpið einu sinni á Heimaey, sumarið 1965. Stakur fugl sást 5. júlí 2003 en allt að sex sáust á tímabilinu 12.-16. nóvember 2003 í graslendi suður á eyju. Ein vepja sást 2.-5. apríl 2004.

Fjöruspói *Numenius arquata*

Fremur sjaldséður flækingur í Vestmannaeyjum. Einn sást á Ofanleitislandi þann 9. ágúst 2005.

Hringmáfur *Larus delawarensis*

Ungur fugl sást á hafnarsvæðinu 10.-11. nóvember 2005. Tegundin hafði einu sinni áður sést í Eyjum, það var fullorðinn fugl sem náðist 25. apríl 1990. Sá hafði verið merktur sem fullorðinn í Bergen, Noregi 21. nóvember 1983 (og sást þar á hverjum vetri þar til hann sást í Eyjum).

Sílaþerna *Sterna hirundo*

Ungur fugl kom á bát rétt við Surtsey 21. janúar 2004 sem má teljast mjög óvenjulegur tími fyrir þernu á svo norðlægum slóðum! Þetta var í þriðja sinn sem sílaþerna finnst hérlendis en sú fyrsta fannst dauð á Heimaey í nóvember 1964.

Hringdúfa *Columba palumbus*

Tíður vor- og haustgestur í Eyjum. Árið 2003 fundust fjórar hringdúfur, allar í Vestmannaeyjabæ, tvær 24. apríl og tvær 8.-9. nóvember (ein sást til 19. nóvember). Ein var í Skansinum 11. nóvember 2005.

Eyrugla *Asio otus*

Ein hélt til í húsagörðum 16. október 2005, í kjölfar suðaustlægra vinda. Eyruglur höfðu sést fjórum sinnum áður í Eyjum.

Múrsvölungur *Apus apus*

Þessi evrópska tegund finnst sennilega hvergi eins oft og reglulega á Íslandi og í Heimaey. Árið 2003 var engin undantekning frá þeirri reglu, einn fugl hélt til í bænum 2.-10. júní, en dagana 9.-10. júní voru þeir tveir. Einn fugl sást við Sæfjall 22. ágúst 2004.

Beltaþyrill *Ceryle alcyon*

Karlfugl í höfninni dagana 10.-12. október 2003 var fimmti fugl þessarar amerísku tegundar á Íslandi. Í Vestmannaeyjum hafði beltaþyrill fundist einu sinni áður, í lok september 1901.

Sönglævirki *Alauda arvensis*

Sönglævirkjar eru fremur sjaldséðir í Eyjum, en tveir fundust á Ofanleiti þann 9. nóvember 2003. Einn fugl fannst á Stórhöfða 19. október 2005.

Landsvala *Hirundo rustica*

Reglulegur vorgestur sem kemur stundum í miklu magni. Flækist einnig á haustin og hefur einu sinni orpið í Heimaey, árið 1892. Þann 9. maí 2003 fundust a.m.k. tíu landsvölur í bænum og stöldruðu sumar þeirra við til 19. maí. Þann 8. júní 2003 fundust svo tvær. Árið 2004 fundust tveir fuglar; ein 2. júní og fullorðinn fugl sást 4. október. Vorið 2005 sást ein landsvala 24. apríl.

Bæjasvala *Delichon urbicum*

Reglulegur gestur í Eyjum, eins og landsvalan, en þó í mun minna magni en sú síðarnefnda. Hefur tvisvar sinnum orpið í Heimaey, árin 1959 og 1966. Fjórir fuglar fundust 1. júní 2003 og sást einn þeirra aftur 2. júní. Tvær sáust 2. júní 2004. Haustið 2005 sást einn fugl, á hafnarsvæðinu 16. október.

Straumerla *Motacilla cinerea*

Straumerla fannst í þriðja sinn í Heimaey þann 18. október 2003, en haustið 2003 átti sér

stað stærsta ganga þessarar tegundar hérlendis (samþals 8 fuglar fundust seinnipart haustsins, þ.a. fjórar 18. október).

Sedrustoppa *Bombycilla cedrorum*

Fullorðinn fugl fannst í bænum 8. október 2003. Var það annar fundur tegundarinnar á Íslandi, og einungis sá fjórði í Evrópu en hér er um að ræða ameríska tegund.

Silkitoppa *Bombycilla garrulus*

Tvær sáust 28. október til 13. nóvember 2003. Haustið 2004 komu fleiri fuglar, fimm fundust 16. október og þær voru orðnar a.m.k. tuttugu 21. október en u.þ.b. 250 fuglar fundust víðsvegar á landinu í október 2004. Óvenjumargar sáust í nóvember 2005; þær fyrstu (tvær) fundust þann 2. og náði fjöldinn hámarki þann 8. (36 fuglar). Sáust þær svo reglulega til a.m.k. 26.

Glóbrystingur *Erithacus rubecula*

Glóbrystingar sjást hér reglulega. Einn fugl sást við Breiðabakka 17. október 2003. Einn hélt til í Víkinni 16.-19. október 2005. Einn var í bænum 8.-10. nóvember 2005.

Dulþröstur *Catharus guttatus*

Þessi ameríski þröstur sást fyrst á Heimaey árið 1981. Dagana 13.-15. október 2005 hélt einn til með skógarþröstum í bænum og laðaði hann einnig að sér fuglaskoðara af höfuðborgarsvæðinu. Þetta var tíundi fundurinn á landsvísi, en tegundin er hvergi eins regluleg og á Íslandi í Evrópu.

Moldþröstur *Catharus ustulatus*

Þessi ameríski þröstur hélt til í bænum frá 30. september til 7. október 2005. Þetta var í fyrsta sinn sem tegundin fannst í Eyjum og aðeins fjórði fundurinn á landsvísi enda dró hann til sín fuglaskoðara af höfuðborgarsvæðinu og úr Hornafirði!

Söngþröstur *Turdus philomelos*

Fremur sjaldgæf tegund í Eyjum. Einn fugl sást í bænum 12. nóvember 2003. Einn fugl sást 3. október 2004. Tveir fuglar fundust í grennd við fiskhjallana dagana 15.-20. október 2005 og sá þriðji bættist í hópinn 21. október.

Farþröstur *Turdus migratorius*

Einn fugl fannst í Klaufinni 6. október 2003. Um er að ræða mjög sjaldgæfan, amerískan flæking sem hefur nú fundist þrisvar sinnum á Heimaey og aðeins einu sinni annars staðar á Íslandi.

Sefsöngvari *Acrocephalus scirpaceus*

Þessi tegund hefur tvisvar fundist í Eyjum með vissu, en afar erfitt er að greina tegundina og þarf helst að hafa fuglinn í hendi til að greining sé örugg. Þann 4. október 2004 sást fugl skjótast í görðum bæjarins sem talinn er hafa verið af þessari tegund en það mun væntanlega ekki ná lengra...

Elrisöngvari *Acrocephalus dumetorum*

Mjög sjaldgæfur gestur frá Austur-Evrópu og Asíu. Einn fugl náðist örmagna í mistnet, og dó skömmu síðar, þann 17. október 2003. Þetta var fimmti fundur tegundarinnar á Íslandi og sá fyrsti í Vestmannaeyjum (sama dag fannst einn í Suðursveit).

Hettusöngvari *Sylvia atricapilla*

Nokkuð algengur haustflækingur sem sést helst eftir ákveðnar suðlægar og austlægar áttir. Þann 17. október 2003 sáust a.m.k. níu fuglar víðsvegar um bæinn, fjórir sáust 18. október, einn 19. október, fjórir 28. október og loks stakur kvenfugl 8. nóvember. Haustið 2004 varð vart við a.m.k. fimm fugla, sáust flestir þann 16. október. Haustið 2005 fannst fyrsti fuglinn (kvenfugl) þann 15. október. Eftir það fjölgaði þeim jafnt og þétt og náðu hámarki þann 20. október (sautján fuglar víðsvegar á Heimaey) ! Einstakir fuglar þraukuðu í görðum fram í nóvember.

Garðsöngvari *Sylvia borin*

Nokkuð reglulegur haustgestur í Eyjum. Tveir sáust haustið 2004, 4. og 14. október. Einn sást 15. október 2005.

Hauksöngvari *Sylvia nisoria*

Austrænn söngvari sem sást í sjötta sinn á Heimaey 17.-18. október 2003. Aftur fannst einn 2. október 2004.

Netlusöngvari *Sylvia curruca*

Sjaldséður gestur í Eyjum sem sást þann 17. október 2003. Tveir sáust í október 2004, dagana 2.-3. og þann 14. Einn fugl sást 20. október 2005.

Þyrnisöngvari *Sylvia communis*

Einn hélt til í fiskhjöllunum 16.-20. október 2005 og þar með bættist tegundin á Vestmannaeyjalistann.

Hnoðrasöngvari *Phylloscopus inornatus*

Hnoðrasöngvarar verpa í Asíu en eru árlegir flækingar hérlandis. Hann fannst í fjórða

sinn á Heimaey þann 17. október, sama dag og fjölmargir aðrir austrænir flækingar. Þann 4. október 2004 sást enn á ný hnoðrasöngvari í Vestmannaeyjabæ.

Gransöngvari *Phylloscopus collybita*

Tveir fundust haustið 2003, þann 17.-18. október og 28. október. Einn sást 14. október 2004. Haustið 2005 sást fyrsti fuglinn, eins og hettusöngvarinn, 15. október. Síðan fjölgaði þeim og náðu hámarki 20. október (sjö fuglar!).

Laufsöngvari *Phylloscopus trochilus*

Árlegur haustgestur eins og gransöngvarinn. Haustið 2003 fundust fimm fuglar, tveir þann 15. september og einn 6. og 17. október og loks 8. nóvember. Einn sást 16. október 2004. Tveir sáust 15. október 2005, en aðeins einn daginn eftir.

Grágrípur *Muscicapa striata*

Þriðji grágrípurinn á Heimaey hélt til í Víkinni 19.-20. október 2005.

Bláhráfn *Corvus frugilegus*

Frekar reglulegur gestur í Eyjum á árum áður en sjaldgæfari á síðari árum. Stakur fugl sást 21. október 2004.

Bókfinka *Fringilla coelebs*

Reglulegur flækingur í Eyjum. Stakur kvenfugl sást í Víkinni 16. október 2005.

Fjallafinka *Fringilla montifringilla*

Algengur haustflækingur sem flækist einnig hingað á vorin. Þrettán fugla hópur fannst í bænum þann 17. október 2003 og sáust nokkrar þeirra út mánuðinn. Tvær sáust 14. október 2004. Sex fuglar fundust 19. október 2005 og sáust þrjár þeirra aftur daginn eftir. Ein sást 5. nóvember 2005.

Barrfinka *Carduelis spinus*

Mjög sjaldgæfur flækingur í Vestmannaeyjum en tiltölulega reglulegur á landsvísu. Kvenfugl sást á fáeinum stöðum 16.-19. október 2005 en karlfugl sást í bænum 20. október 2005. Fugl sást á flugi yfir bænum 6. nóvember 2005.

Rósafinka *Carpodacus erythrinus*

Rósafinka fannst í fyrsta sinn í Vestmannaeyjum þann 17. október 2003. Tegundin er annars því sem næst árleg á Íslandi. Aftur sást hún 14.-16. október 2004.

Kjarnbítur *Coccothraustes coccothraustes*

Fyrsti kjarnbítur sem finnst í Eyjum sást snemma dags í Víkinni 16. október 2005 og síðdegis fannst hann aftur í görðum inni í bænum.

Bláskríkja *Dendroica caerulescens*

Mjög sjaldgæfur flækingur sem kemur frá Norður-Ameríku. Kvenfugl sást í bænum dagana 17.-18. október 2003. Þetta var í annað sinn sem tegund fannst á Heimaey sem og í Evrópu!

Rákaskríkja *Dendroica striata*

Fram til ársins 2005 höfðu fundist átta rákaskríkjur á landinu, en í seinnihluta október 2005 fundist hvorki fleiri né færri en fimm fuglar á sunnanverðu landinu! Ein þeirra hélt til í Víkinni 18.-20. október, en hún er jafnframt sú þriðja sem finnst í Eyjum (fyrstu tvær sáust 1972 og 1979).

Sportittlingur *Calcarius lapponicus*

Árlegur vor- og haustgestur á Íslandi sem sést gjarnan í smáhópum. 53 fuglar höfðu fundist í Eyjum fyrir 2003. Þann 3. október 2004 sást stakur fugl í Víkinni. Karlflugl sást á Ofanleitislandi 15. september 2005. Annar karlflugl sást í grennd við Breiðabakka 15.-16. október 2005.